

Erindisbréf ungmennaráðs Seyðisfjarðar

1. Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð heyrir undir velferðarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar og er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki.

2. Skipan ráðsins

Í ungmennaráði eiga sæti fimm fulltrúar. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili á Seyðisfirði og eru á aldrinum 14-25 ára.

- Velferðarnefnd tilnefni tvo aðalfulltrúa og tvo til vara.
- Nemendaráð Seyðisfjarðarskóla tilnefni einn aðalfulltrúa og einn til vara.
- Íþróttafélagið Huginn tilnefni einn aðalfulltrúa og einn til vara.
- Æskulýðsstarf Seyðisfjarðarkirkju tilnefni einn aðalfulltrúa og einn til vara.

Skipunartími ráðsins er eitt ár í senn, miðast við 1. september. Velferðarnefnd staðfestir tilnefninguna og tilnefni formann úr hópi fulltrúa. Ráðið kýs varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Auk kjörinna fulltrúa eiga formaður velferðarnefndar og bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétt, auk þess sem formaður velferðarnefndar er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld.

3. Hlutverk og markmið

Ungmennaráð Seyðisfjarðar er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu, í umboði sveitarstjórnar. Tilgangur ráðsins er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma sínum skoðunum og tillögum á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Þá einnig að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

* Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks í sveitarfélaginu.

* Að gæta hagsmuna og koma skoðunum og tillögum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

* Að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum.

* Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.

4. Starfshættir

Um starfshætti skal ráðið fylgja bæjarmálareglugerð um stjórn og fundarsköp Seyðisfjarðarkaupstaðar þar sem það á við.

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dyrum og skal ráðið halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, meginefni og afgreiðsla nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðum kemur formaður ungmennaráðs til formanns velferðarnefndar. Ritari ungmennaráðsins sendir fundarmönnum afrit af fundargerð ungmennaráðsins. Fundargerðir ungmennaráðs skulu einnig lagðar fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

Formaður ungmennaráðs sér um boðun funda sem skal vera skrifleg eða rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum í ungmennaráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum, eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður ungmennaráðs stýrir fundum skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ungmennaráðs er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

5. Eftirfylgni

Formaður ungmennaráðs og aðrir fulltrúar hans skulu snúa sér til formanns velferðarnefndar með eftirfylgni staðfesta samþykka ungmennaráðsins.

6. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglum, sem undir starfssvið þess heyrir og gildir hverju sinni.

Samþykkt í bæjarráði 27. maí 15
Samþykkt í bæjarstjórn 10. júní 15